

EduCreations



Forrit sem virkar eins og tafla sem er hægt að taka upp útskýringar sem kennari fer oftast með upp á töflu. Útskýringarnar er svo hægt að vista á vefsíðu þar sem nemendur geta nálgast þær.

Dæmi um notkun er t.d. flippuð kennsla þar sem innlagnir eru teknar upp og eru alltaf aðgengilegar nemendum. Stærðfræði kennarar hafa t.d. mikið notað þetta við að taka upp sýnidæmi. Einnig er hægt að nota þetta í verkefnaskil nemenda í tungumálakennslu með því að láta nemendur taka ljósmynd, merkja inn hlutina á ljósmyndinni og taka svo upp framburð.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Educreations.](#)

[Kynningamyndband](#)

[Sækja smáforritið](#) - frítt

Explain Everything



Svipað og EduCreations nema að í þessu forriti er hægt að flytja inn fleiri gerðir af skrám. Með explain everything er því bæði hægt að flytja inn t.d. myndskeið og ritvinnsluskjöl. Einnig er hægt að flytja upptökurnar inn á fleiri miðla á borð við Youtube og Vimeo. Einnig þægileg tenging við Dropbox, Google Drive o.fl. skýþjónustur.

Dæmi um notkun er t.d. flippuð kennsla en kennarar geta líka flutt inn ritvinnsluskjöl frá nemendum og tekið upp á meðan þeir eru að fara yfir verkefnið og sent yfirferðina tilbaka með hljóði og mynd.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Explain Everything.](#)

[Kynningamyndband](#)

[Sækja smáforritið](#) - kostar um 600 kr.

Simpl - einfaldar vefsíður



Simpl er forrit sem gerir einstaklega einfalt og ekki síður fljótlegt að búa til vefsíður með myndasöfnum, ritvinnslu, bloggi o.fl.

Dæmi um notkun er t.d. skil á ritgerð í vefsíðu formi.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Simpl](#)

[Sækja smáforritið](#) - frítt

Nearpod - Gagnvirkar glærur



Forrit sem gerir gagnvirkar glærusýningar mögulegar. Farið er á vefsíðuna og búin til aðgangur. Powerpoint, PDF eða Word skjöl flutt inn og svo er hægt að bæta við glærum inn á milli t.d. með fjölvalsurningum, krossaprófum, teikningum, o.fl.

Sýningin er svo vistuð og farið í Smáforritið. Þar skráir kennarinn sig inn og sækir sýninguna, nemendur opna líka smáforritið og slá inn kóða til að fá aðgang að glærunum. Kennarinn ræður svo yfirferðinni og nemendur taka gagnvirk próf og svara spurningum inn á milli og verða þar með þátttakendur í glærusýningunum.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Nearpod](#)

[Grein um Nearpod](#)

[Sækja smáforritið](#) - frítt

iMovie - Bókstiklur



Forrit sem gerir mjög auðvelt að taka upp myndefni og klippa saman og til að búa til heilstæð myndскеið. Setja inn hljóð- og myndbrellur, bakgrunnstónlist o.fl.

Dæmi um notkun er t.d. verkefni um bókstiklur. Þ.e. nemendur lesa einhverja frásögn og ímynda sér svo hvernig stikla (e. trailer) fyrir kvikmynd gæti verið, taka hana upp og setja svo inn texta. Sama verkefni gæti líka verið framkvæmt í tungumálakennslu.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu iMovie](#)

[Grein um bókstiklur](#)

[Sækja smáforritið](#) - Kostar um 700 kr.

Puppet Pals HD - Klippimyndir



Skemmtilegt smáforrit fyrir alla aldurshópa til að nota klippimyndir til að búa til myndскеið. Hægt er að taka ljósmyndir af teikningum eða fólki og stöðum til að nota í forritið. Dæmi um notkun eru bókstiklur.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Puppet Pals HD](#)

[Grein um Puppet Pals](#)

[Sækja smáforritið](#) - frítt en kostar 700 kr að aflæsa auknum möguleikum

Storyboards



Smáforrit sem býr til frásagnarborð eins og gert er fyrir kvikmyndir áður en tókur hefjast. Þetta forrit er notað mikið af alvöru kvikmyndagerðarfólki en er líka gott til að fá nemendur til að setja upp frásagnir og sýna lesskilninginn myndrænt.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Storyboards](#)

[Kynningamyndband](#)

[Sækja smáforritið](#) - frítt en líka til aukin útgáfa

Tactilize - Margmiðlunarkort



Virkilega skemmtilegt forrit þar sem nemendur setja upp gagnvirk margmiðlunarkort. Sett eru upp kort um eitthvað ákveðið efni þar sem nemendur setja svo tengla yfir í ítarefni s.s. myndskleið, textabúta, myndasöfn, vefsíður o.fl. Svo er hægt að deila kortum t.d. á félagsmiðlum.

Dæmi um notkun nemendur setja saman kort og skila vefslóð til kennara sem fer og skoðar verkefnið á netinu. Svo er hægt að safna öllum verkefnum saman og nemendur skoða hjá hvort öðrum.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Tactilize](#)

[Kynningamyndband](#)

[Sækja smáforrit](#) - frítt

Book Creator - Rafbókagerð



Forrit sem gerir mann í mögulegt að setja saman skjöl, setja inn myndskleið og hljóð beint á iPad og flytja svo út sem rafbækur.

Dæmi um notkun er t.d. til að búa til kennslubækur eða verkefnabækur á rafrænu formi með upplestri. Hægt er að taka ljósmyndir af bók og nemendur lesa upptökur inn og geta svo skilað inn. Nemendur geta líka unnið sýnar eigin bækur t.d. í tungumálakennslu og lesið inn, skilað upplestrarverkefni sem rafbók. Rafbækurnar er hægt að nota í allar gerðir tækja.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Book Creator](#)

[Grein um Book Creator](#)

[Sækja smáforrit](#) - Kostar um 700 kr.

Bitsboard - Orða- og stafaleikir



Frábært forrit fyrir sérkennslu og yngsta stig þar sem hægt er að sækja íslensk efni með því að skrifa ISL í leitina og þá kemur upp hellingur sem íslenskir kennarar hafa verið að setja saman. Forritið inniheldur tíu leiki sem er hægt að vinna með og innihalda hljóðupptökur og myndir.

[Smelltu hér til að fara á heimasíðu Bitsboard](#)

[Grein um Bitsboard](#)


[Sækja smáforrit](#)

Mælitæki



QuakeFeed - Tilkynningar um jarðskjálfta

[Sækja smáforrit](#) - frítt



Wind Tunnel - sýnir vindmótstöðu hluta

[Sækja smáforrit](#) - frítt



Cardiograph - Púlsmælir

[Sækja smáforrit](#) - Kostar um 200 kr.



iSeismometer - Jarðskjálftamælir

[Sækja smáforrit](#) - frítt